

**Ed.**

**629. Nefndarálit**

[180. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Lánsfjárlög og lánsfjáráætlun eiga að sýna stefnu ríkisstjórnar í fjárfestingarmálum og peningamálum.

Fyrirliggjandi lánsfjáráætlun og frumvarp til lánsfjárlaga einkennast af verulegri aukningu heildarfjárfestingar og erlendra skulda, sérstakri hækkun fjárfestingar hins opinbera, en samdrætti í fjármunamyndun og uppbyggingu atvinnuveganna. Um raunverulega peningamálastjórn verður hins vegar lítið ráðið af þessum gögnum annað en það, að ætlunin sé að mjólka bankakerfið og lífeyrissjóði til að standa undir almennum opinberum umsvifum í fjárfestingu.

#### **Peningamál og lánsfjármarkaður.**

Fátt er nauðsynlegra í íslensku efnahagslífi en styrk og sanngjörn peningamálastjórn og aukinn innlendur sparnaður. Þetta er nauðsynlegt til að ná jafnvægi í efnahagslífi og hamla gegn verðbólgu. Einn mikilvægasti þáttur slíkrar peningamálastjórnar er jákvæð raunávöxtun og verðtrygging sparifjár. Þau spor, sem stigin voru á s. l. ári í þessa átt, lofuðu góðu. Flótti ríkisstjórnarinnar frá verðtryggingu sparifjár hefur hins vegar haft þau áhrif, að almennur sparnaður hefur stórminnkað og fé streymir nú út úr hönkunum, þrátt fyrir góð aflabrögð og miklar gjaldeyrstekjur. Jafnframt hefur ríkisstjórnin með þessu háttalagi prettað sparifjáreigendur.

Við þessar aðstæður, sem einkennast af fjárflotta úr bankakerfinu, er kaldhæðnislegt að ríkisstjórnin skuli ætla sér skv. lánsfjáráætlun sinni að draga til sín í opinber umsvif 20.4 milljarða króna út úr bankakerfinu, sem er 124% aukning frá fyrra

ári. Afleiðingin af þessari stefnu við minnkandi sparnað og þar með útlánagetu bankakerfisins er augljós. Afleiðingin mun birtast í minnkandi útlánum til almennings, sem þarf á fyrirgreiðslu að halda vegna stundarvanda, íbúðarkaupa, húsbýgginga ellegar til að standa undir skattaþjón ríkisstjórnarinnar. Stefna ríkisstjórnarinnar í peningamálum einkennist þannig af þrennu:

1. Svikum við sparifjáreigendur.
2. Þurraustri bankakerfis í eigin umsvif ríkisins.
3. Niðurskurði á lánsfjármöguleikum alþýðu til að greiða úr stundarvanda í lífskjarabaráttu við rýrnandi kjör, m. a. vegna skattastefnu ríkisstjórnarinnar.

Alþýðuflokkurinn hefur lagt ríka áherslu á jákvæða raunvaxtastefnu og verðtryggingu sparifjár og annarra verðskuldbindinga. Ríkisstjórn Alþýðuflokksins hækkaði innlánsvexti um 4% hinn 1. des. s.l. jafnframt því sem gróði bankanna var skorinn niður um 1½% til hags fyrir sparifjáreigendur. Á þessum aðfangadegi kosninga hafði enginn hinna flokkanna neina stefnu í vaxtamálum og fulltrúar þeirra í bankaráði Seðlabankans fundu hver um sig sína afsökun fyrir stefnuleysi og meðmælum með algjöru aðgerðaleysi í vaxtamálunum.

Jafnframt þessari ákvörðun ríkisstjórnar Alþýðuflokksins um vaxtahækkun 1. des. s.l. var svo gerð atrenna að fjórum þóttum peningamálastjórnar, sem Alþýðuflokkurinn telur ófrávíkjanlega þætti raunhæfrar raunvaxtastefnu, en ekki hefur verið sinnt sem skyldi, hvorki fyrir né síðar.

1) Viðskiptabönnunum var gert að kynna almenningi hverra lánskjara þeir ættu kost, og voru þá birtar nokkrar auglýsingar frá þeim um þetta efni, sem hafa ekki sést síðan ný ríkisstjórn tók við völdum. Alkunna er þó, að almenningur hefur of litla hugmynd um þessi atriði, og væri því ástæða til að leggja sérstaka upplýsingaskyldu á bankana varðandi lánakjör.

2) Því var beint til bankanna að gera sérstakt átak til að lengja lánstíma hjá lántakendum og létta þannig greiðslubyrði þeirra. Augljóslega er slík lenging lánanna og jöfnun greiðslubyrði forsenda þess, að alþýðuheimili, sem þurfa á lánum að halda, geti risið undir þeirri vaxtahækkun sem raunvaxtastefna og verðtrygging fjárskuldbindinga fela í sér við ríkjandi aðstæður. Viðskiptaráðherrar úr röðum Alþýðubandalags og Framsóknarflokks virðast þó ekki hafa skynjað þessa hlið málsins, a. m. k. verður ekki annað séð af aðgerðarleysi og áhugaleysi þeirra á þessu sviði.

3) Til þess að tryggja hag útflutningsatvinnuvega var því beint til viðskiptabankanna, að hlutfall þeirra lána, sem þeir bæta við endurkaupanleg lán út á útflutningsafurðir, verði rýmkað um sem svarar 2% af endurkaupanlegu lánunum og jafnframt að þau fylgi jafnan uppfærðu andvirði endurkaupanlegu lánanna.

4) Því var beint til Seðlabankans að koma því í kring með sérstakri könnun að innlánsstofnanir greiði viðskiptavinum sínum vexti af innstæðum mánaðarlega. Með þessu móti væri komið til móts við sparifjáreigendur í þeirri verðbólgu sem nú geisar, þannig að þeim væri raunveruleg peningainneign tiltæk á hverjum tíma, en vaxtahluti hennar ekki frystur til eins árs eins og nú tíðkast. Ekki heldur í þessu réttlætismáli hefur heyrst hósti né stuna frá núverandi ríkisstjórn fram að þessu.

Í fylgiritum eru birt fáein bréf sem fóru frá ríkisstjórn Alþýðuflokksins til Seðlabanka og til viðskiptabankanna um þessi mál. Í fylgiriti I er bréf til Seðlabanka Íslands til staðfestingar á ósk bankastjórnar (en ekki bankaráðs, sem skipað er fulltrúum Alþýðubandalags, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks) um vaxtahækkun, og er þar greint frá nauðsyn þess að lengja lánstíma og kynna almenningi lánskjör. Í fylgiriti II er bréf til viðskiptabankanna af þessu tilefni þar sem þessi mál eru reifuð nánar. Í fylgiriti III er bréf til Seðlabankans þar sem fjallað er um mánaðarlega útgreiðslu vaxta af sparifé. Í fylgiriti IV er síðan bréf til Seðlabanka Íslands, dags. 8. jan. 1980, þar sem meginviðhorf eru ítrekuð.

Ríkisstjórn Alþýðuflokksins vann þannig að því að koma jöfnum höndum til móts við hag sparifjäreigenda og þarfir lántakenda um jöfnun greiðslubyrði og koma á skipulegri verðtryggingu lánsfjár og sparifjár og renna þannig stoðum undir aukinn innlendan sparnað. Þessi leið er hin eina mögulega til að efla innlendan lánsfjármarkað og koma á heilbrigðu peningamálakerfi. Núverandi ríkisstjórn hefur hins vegar fylgt öndverðri stefnu. Af því hefur þegar hlotist tjón sem erfitt verður úr að bæta, því að trausti sparifjäreigenda á stefnu og aðgerðum hins opinbera hefur verið spillt. Slíkt traust verður torvelt að endurheimta. Áform ríkisstjórnarinnar um innlenda lánsfjáröflun úr bankakerfinu til opinberra umsvifa fá á hinn bóginn traúla staðist nema á kostnað lánaþyrirgreiðslu til almennings í þessu landi.

### Fjárfestingarstefna.

Samkvæmt áætlunum ríkisstjórnarinnar á heildarfjárfesting í landinu að aukast úr 25.3% af vergri þjóðarframleiðslu á s. l. ári í 26.6%. Þessa aukningu má vega á móti ráðstöfunartekjum heimilanna. Ef fjárfestingu hefði verið haldið sem óbreyttum hluta af þjóðartekjum milli ára, hefði verið unnt að auka ráðstöfunarfé heimilanna um 16 milljarða miðað við þann viðskiptajöfnuð, sem ríkisstjórnin miðar við í áætlunum sínum. Aukning fjárfestingarinnar mun reyndar hafa verðbólguhvetjandi áhrif, þrátt fyrir allt hjal ríkisstjórnarinnar um niðurtalningu verðbólgu. Með þessum hætti vinnur ríkisstjórnin þannig gegn því í reynd, sem hún boðar í orði — eins og reyndar á við á fleiri sviðum.

Alþýðuflokkurinn telur að setja verði heildarumsvifum í þjóðfélaginu fast-ákveðin, hæfileg mörk, ef takast eigi að ná jafnvægi í efnahagsmálum. Fjárlög og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar samrýmast ekki skynsamlegu aðhaldi í þessum eignum. Aðhaldshjal ríkisstjórnarinnar beinist því greinilega að öllum öðrum en henni sjálfri. Hún ætlar sér sífellt meira í eigin hlut, en krefst aðhalds af öðrum. Þess getur hún ekki vænst meðan hún stundar óhefta aðdrætti til sín í sköttum, í verðlagi á opinberri þjónustu og í lánsfjáráætlun. Umsvif þau, sem birtast í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar, einkennast af þrennu:

- 1) Svo miklum heildarumsvifum, að þau munu auka á verðbólguþrýsting á sama tíma og ríkisstjórnin boðar hið gagnstæða í orði.
- 2) Sérdrægni sjálfri sér til handa, sem ómerkir tal ríkisstjórnarinnar um almennt aðhald til að draga úr verðbólgu.
- 3) Tilflutning á fé í fjárfestingu sem annars gæti nýst til að bæta kjör heimilanna miðað við þann halla á viðskiptum við útlönd sem ríkisstjórnin sættir sig við.

Innan ramma heildarumsvifa fjárfestingar er það meginverkefni ríkisstjórnar að marka stefnuna að því er varðar fjárfestingu í hinum ýmsu þáttum þjóðarbúskaparins. Í þeim eignum á það við að velja og hafna, því að öllum óskum og löngunum verður ekki fullnægt. Í þessu vali birtist þá hvers konar uppbyggingu leggja eigi sérstaka áherslu á. Rangt val fjárfestingar rýrir lífskjörin. Nærtæk eru dæmi um slíkar ríkisstjórnarákvarðanir um fjárfestingu, sem reynst hafa baggi á þjóðinni, og dugir að nefna Kröfluævintýrið í því sambandi, þótt vel mætti rekja fleiri dæmi.

Alþýðuflokkurinn hefur lagt megináherslu á að fjárfestingarval væri vel undirbúið og líklegt til að skila góðum arði, sem runnið gæti til þess að bæta kjör launafólks. Í samræmi við þetta hefur Alþýðuflokkurinn bent á fáeinar grundvallarstaðreyndir sem marka verði fjárfestingarstefnuna. Þær eru þessar:

1. Framleiðsla landbúnaðarafurða umfram innanlandsþarfir er þjóðhagslega óhagkvæm, rýrir því lífskjörin og stefnir í reynd kjörum bænda í óvissu.
2. Fiskiskipastóllinn er of stór miðað við afrakstur fiskstofna. Stækkun hans mun rýra afkomu sjómanna, útgerðar og þjóðarinnar allrar.
3. Fiskvinnslan er vanvædd tæknilega. Í tæknilegum framförum í henni felst einhver arðvænlegasti vaxtarbroddur íslensks efnahagslífs og þar með lífskjara-

bóta fyrir Íslendinga. Þar á ofan ríður mikið á því, til að tryggja markaði okkar, að Íslendingar séu í fararbroddi annarra þjóða í verkun fisks, tæknilega, gæðalega og kostnaðarlega.

4. Íslenskur iðnaður er vanþróaður. Uppbygging hans og skipuleg framleiðni- aukning mun skila ríkulegum ávexti.

Þessi verða að vera meginatriði fjárfestingarstefnu, ef ná á raunhæfum árangri í endurreisn efnahagslífsins og skapa þannig grundvöll að lífskjarabótum. Áform ríkisstjórnarinnar samrýmast ekki þessum markmiðum.

1. Samkvæmt lánsfjáráætlun sinni gerir ríkisstjórnin ráð fyrir 14.8 milljarða fjárfestingu í landbúnaði. Slík fjárfesting í framleiðsluaukningu mun engum þjóðhagslegum arði skila, heldur einungis verða til að auka enn á vandann í greininni og rýra lífskjör þjóðarinnar.
2. Nýlegar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar fela í sér að enn verði fiskiskipastóllinn aukinn með fiskiskipainnflutningi, sem hafði þó áður verið stöðvaður. Um þetta atriði er lánsfjáráætlunin reyndar óraunhæf, því að hún sýnir ekki þessa stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar. Engu að síður er ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar í þessu efni er til óheilla. Aukning fiskiskipastólsins samkv. stefnuákvörðunum ríkisstjórnarinnar mun bitna á afkomu sjómanna, útgerðar og þjóðarinnar allrar, því að sífellt minna kemur í hvern hlut, þegar skipastóllinn vex, en tilkostnaður veiðanna eykst á hinn bóginn.
3. Á s. l. ári tókst að auka fjárfestingu í fiskvinnslunni um 20%. Þessi fjárfesting var ekki síst í tæknilegum endurbótum. Tókst þannig að marka nýja braut í þessum efnium, og vafalaust er það meginmál til að styrkja stöðu þjóðarbúsins að áfram verði haldið á þessari framfarabraut. Skv. áformum ríkisstjórnarinnar er þó öld snúin, því að hún ætlar fjárfestingu í fiskiðnaði að standa í stað þrátt fyrir öll fyrirheitin um framleiðniaukningu í fiskiðnaði. Sannast hér enn að sitthvað eru orð og efndir hjá núverandi ríkisstjórn.
4. Ekki er sjáanlegt neitt átak til framleiðniaukningar í íslenskum iðnaði skv. áformum ríkisstjórnarinnar. Almennum iðnaði er ekki ætlað að auka fjárfestingu sína nema um 3%. Þannig verður ekki séð að ætlunin sé að efla iðnaðinn neitt sérstaklega.

Af framansögðu er ljóst, að stefna ríkisstjórnarinnar er í grundvallaratriðum röng, og Alþýðuflokkurinn telur að meginstefnubreyting þurfi að eiga sér stað í peningamálum og fjárfestingarmálum. Þeirri breytingu verður ekki náð fram með breytingum á lánsfjárlögunum einum, og sjá þingmenn Alþýðuflokksins því ekki ástæðu til þess nú að flytja breytingartillögur við frumvarp til lánsfjárlaga.

Alþingi, 28. maí 1980.

Kjartan Jóhannsson,  
fundaskr.

#### Fylgirit I.

#### VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

29. nóvember 1979.

Í tilefni af bréfi Seðlabankans, dags. 27. nóvember 1979, þar sem fram kemur, að bankastjórnin hafi orðið sammála um, að innlánsvextir hækki um 4%, en útlánsvextir um 2½% hinn 1. desember n. k., vill ríkisstjórnin taka eftirfarandi fram:

Ríkisstjórnin leggur á það ríka áherslu, að samhliða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár verði lánstími almennt lengdur í þeim tilgangi að létta greiðslubyrði lánþega framan af lánstímanum og jafna henni í heild yfir lengra tímabil.

Ríkisstjórnin er sammála bankastjórninni um það, að samhliða vaxtaákvörðunum, sem miða að verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, eigi að draga úr bilinu á milli útláns- og innlánsvaxta, og telur því, að 4½% hækkun innlánsvaxta eigi að koma þegar til framkvæmda. Að því er varðar vaxtahækkun um 2½% til viðbótar, bæði á útlán og innlán, eins og bankastjórnin hefur lagt til, getur ríkisstjórnin fallist á þessa breytingu, enda verði nú gerð gangskör að því að setja almennar reglur um lengingu lánstíma, sbr. lög nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., og jafnframt verði tekið ákveðið skref til lengingar lánstíma í tengslum við vaxta-breytinguna 1. desember n. k.

Um þetta atriði og önnur, er varða framkvæmd lánskjarastefnu fyrrgreindra laga, vísast einnig til bréfaskipta Seðlabankans og stjórnar Sambands ísl. viðskipta-banka, dags. 28. þ. m., og jákvæðra undirtekta sambandsstjórnarinnar við tilmælum viðskiptaráðherra um lengingu lánstíma, um framkvæmd viðbótarlánveitinga út á útflutningsafurðir og um kynningu á lánskjörum með auglýsingum í fjölmiðlum.

Ríkisstjórnin leggur sérstaka áherslu á það, að samvinnunefnd banka og sparisjóða kynni rækilega með auglýsingum og öðrum hætti þá lánamöguleika, sem bankar og sparisjóðir bjóða upp á, einkum að því er varðar lengingu lána og dreifingu greiðslubyrði af eldri lánum með því að dreifa verðbótaþætti vaxta yfir lánstímann.

Viðskiptaráðherra hefur einnig ritað Sambandi ísl. viðskiptabanka bréf til þess að ítreka framangreind sjónarmið varðandi framkvæmd lánskjarastefnunnar og fylgir ljósrit af því með þessu bréfi.

Kjartan Jóhannsson.

*Dórhallur Ásgeirsson.*

Seðlabanki Íslands  
Reykjavík

## Fylgirit II.

### VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

29. nóvember 1979.

Í framhaldi af bréfaskiptum Seðlabankans og yðar um framkvæmd lánskjarastefnunnar skv. lögum nr. 13/1979 í tengslum við vaxtabreytinguna hinn 1. desember n. k. og með vísun til jákvæðra undirtekta yðar við tilmælum um lengingu lánstíma, um framkvæmd viðbótarlánveitinga út á útflutningsafurðir og um kynningu á lánskjörum með auglýsingum í fjölmiðlum, bendir ráðuneytið á nauðsyn þess, að jafnhliða verðtryggingaráfanganum, sem þá verður framkvæmdur, verði stigið ákveðið skref til lengingar lánstíma. Viðmiðun í þessu sambandi gæti verið um það bil þriðjungs lenging lánstíma á algengustu lánum í útlánum viðskiptabankanna, vita-skuld eftir nánara samkomulagi við einstaka viðskiptamenn. Ráðuneytið ítrekar að vaxtabreytingin er að þessu sinni beinlínis á því byggð, að almenn lánalenging fylgi skv. 33. gr. laga nr. 13/1979, eins og fram kemur í bréfi ríkisstjórnarinnar til Seðlabankans, dags. í dag. Enn fremur beinir ráðuneytið því til viðskiptabankanna, að hlutfall þeirra lána, sem þeir bæta við endurkaupanleg lán út á útflutningsafurðir, verði rýmkað um sem svarar 2% af endurkaupanlegu lánunum og jafnframt að þau fylgi jafnan uppfærðu andvirði endurkaupanlegu lánanna.

Loks ítrekar ráðuneytið að hin nýju lánskjör verði kynnt rækilega bæði með auglýsingum og öðrum hætti, einkum þannig að möguleikar til lengingar lána og dreifingar á greiðslubyrði verði almennt kunnir, svo og möguleikar til að semja um tíðari gjalddaga á nýjum lánnum en nú tíðkast, svo sem ársfjórðungs- eða mánaðarlega.

Með vísun til svars yðar við bréfi Seðlabankans um framangreind málefni væntir ráðuneytið skjótra aðgerða af hálfu viðskiptabankanna.

Kjartan Jóhannsson.

*Dórhallur Ásgeirsson.*

Til  
Sambands isl. viðskiptabanka

### Fylgirit III.

#### VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

29. nóvember 1979.

Ráðuneytið óskar hér með eftir því, að Seðlabankinn kanni í samráði við viðskiptabanka og aðrar innlánsstofnanir möguleika á því, að innlánsstofnanir gefi viðskiptavinum sínum kost á að fá vexti af innstæðum greidda í byrjun hvers mánaðar og vaxtakjörin við það miðuð að ársávöxtun verði hin sama, hvort sem greitt er árlega eða mánaðarlega.

Þess er óskað að könnun þessari verði hraðað.

Kjartan Jóhannsson.

*Dórhallur Ásgeirsson.*

Seðlabanki Íslands  
Reykjavík.

### Fylgirit IV.

#### VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

8. janúar 1980.

Með bréfi hinn 29. nóvember 1979 féllst ríkisstjórnin á vaxtaákvörðanir Seðlabankans, sem tóku gildi hinn 1. desember s.l. Samþykki ríkisstjórnarinnar var við það bundið, eins og skýrt kom fram í bréfinu, að gerð yrði gangskör að því að setja almennar reglur um lengingu lánstíma og að fyrsta skrefið í þessa átt yrði tekið í tengslum við vaxtahækkunar 1. desember 1979. Um þetta efni og önnur atriði, er varða framkvæmd lánskjarastefnunnar, er einnig vísað til bréfaskipta við Samband íslenskra viðskiptabanka 28. og 29. nóvember 1979. Þá óskaði ráðuneytið sérstaklega eftir því við Seðlabankann með bréfi 29. nóvember 1979, að kannaðir yrðu möguleikar á því að innlánsstofnanir gefi viðskiptamönnum kost á að fá vexti af

innstæðum greidda mánaðarlega. Ráðuneytið óskar hér með eftir greinargerð frá Seðlabankanum um stöðu þessara mála og um framkvæmd lánskjarastefnunnar, ásamt tillögum bankans um framhald aðgerða á þessu sviði.

Einkum eru það fjögur atriði, sem óskast upplýst:

1. Almennar reglur um lengingu lánstíma í tengslum við útbreiðslu verðtryggingarákvæða.
2. Hvernig var lengingu lánstíma háttað, sérstaklega í tengslum við vaxtaákvarðanir 1. desember 1979?
3. Tíðari reikningur og færsla vaxta á innstæður í innlánsstofnunum.
4. Almenn kynning hinna nýju lánskjara skv. lögum nr. 13/1979.

Ráðuneytið bendir á, að æskilegt sé að tengja þetta í framkvæmd lánskjarastefnunnar við gerð peningamálaáætlana skv. 29. gr. laga nr. 13/1979 og lánsfjáráætlunar fyrir 1980.

Kjartan Jóhannsson.

*Dórhallur Ásgeirsson.*

Seðlabanki Íslands  
Reykjavík.